

MA-FRÉTTIR

Haust 2016

Efni: Aðstoðarskólameistari, brautarstjórar, náms- og starfsráðgjafar og svp
Ábyrgðarmaður: Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Myndir og uppsetning: Sverrir Páll

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Ég vil byrja á því að þakka ykkur foreldrum og börnum ykkar fyrir það að velja MA sem framhaldsskóla. Það eru ýmsar veigamiklar breytingar í skólum og áætlun um þriggja ára framhaldsskóla er komin til framkvæmda. Við í MA ákváðum að taka okkur tíma í undirbúninginn, tengja stúdentsprófið sem best við væntanlegt háskólanám og það sem bíður nemenda okkar. Það er álag á nemendum á fyrsta ári og kennarar og starfsfólk skólans er meðvitað um það. Það var því ánægjuefni að miðannar-matið kom ívið betur út en sum undan-farin ár.



Mynd 1 Haustlitirnir skreyttu skólann lengi vel

Það er skólanum mjög mikilvægt að vel takist til og þess vegna viljum við hafa gott samstarf við foreldra um það sem er að gerast í skólanum. Við leggjum áherslu á aukið samstarf kennara við allan undirbúning og þeir útbjuggu til dæmis í haust sameiginlega töflu yfir verkefni og próf nemenda á önninni og því væri fróðlegt að heyra hvernig það skilaði sér heim til ykkar. Ég vil hvetja ykkur til þess að hafa samband við umsjónarkennara ef einhverjar spurningar vakna og nýta ykkur fréttabréfið til skoðanaskipta.

Kveðja
Jón Már Héðinsson, skólameistari

Tíminn líður

Nú er langt liðið á haustönnuna og þunginn í náminu því vissulega orðinn töluverður. Margskonar óhefðbundið nám hefur líka átt sér stað liðnar vikur, ekki síst hjá fyrsta bekk. Allir bekkirnir á fyrsta ári fóru í skálaferðir á fyrstu vikum skólaársins í umsjón foreldra-félagsins. Þær ferðir gengu afar vel og eru mikilvægur þáttur í því að skapa góðan bekkjar-anda og liður í því var hópefli í umsjón Önnu Richardsdóttur. Ýmsar námsferðir eru einnig hluti af áföngum, menningarlæsi og náttúrulæsi í 1. bekk sem fóru til Siglufjarðar og

Mývatnssveitar og sögu í 2. bekk á Sturlungaslóðir í Skagafirði. Nemendur í læsisáföngunum fóru einnig á sýningu með Mið-Íslandi fyrir á önninni.



Mynd 2 Á leiðinni að Mývatni var stansað við Goðafoss og myndir teknar



Mynd 3 Unnið að verkefnum á Fuglasafni Sigurgeirs

Samskipti við foreldra

Gott upplýsingaflæði og samstarf milli heimila og skóla stuðlar að vellíðan og velgengni nemenda. Skólaárið hófst með fjölmennri skólaasetningu og að henni lokinni var kynningarfundur fyrir foreldra nýnema. Kynningarbæklingur var sendur foreldrum nýnema og birtur á vef skólans. Stefnt er að því að halda annan kynningarfund í upphafi vorannar.

Við hvetjum foreldra til að láta okkur vita um það sem betur má fara, svo við getum bætt skólastarfið og stuðlað að betri líðan nemenda. Einnig hvetjum við ykkur til að fylgjast með og taka þátt í starfi FORMA, foreldrafélagi MA, en fundargerðir og önnur gögn um félagið eru á vef skólans.

Stoðtímar í stærðfræði

Mörg undanfarin ár hafa nemendur á fjórða ári á stærðfræði- og eðlisfræðikjörsviði boðið upp á stoðtíma í stærðfræði einu sinni í viku. Tímarnir eru í raun heimanámsaðstoð, eru vel sóttir og þar myndast yfirleitt góður lærdómsandi.

Frá náms- og starfsráðgjöfum



Mynd 4. Lena Rut, Heimir og Kristín Elva.

Námsráðgjafar og sálfræðingur sjá um einstaklings- og hópráðgjöf fyrir nemendur. Prófkviðanámskeið verður haldið vikuna 5. – 9. desember og verður auglýst þegar nær dregur. Nemendur eru hvattir til að hafa samband við námsráðgjafa sem fyrst ef þeir telja að prófkviði hamli árangri. Einnig hafa nemendur á 1. ári verið í nýnemafræðslu þar sem er farið í náms-tækni s.s. tímastjórnun og skipulag, lestur, minnistækni og glósugerð. Nemendur geta farið í áhugasviðskannanir hjá námsráðgjöfum til dæmis ef vafi leikur á vali á námssviði.

Þessa dagana er að fara af stað námskeið í hugrænni atferlismeðferð í umsjá Kristínar Elvu sálfræðings. Markmið þess er að nemendur læri aðferðir til að bæta sjálfsmat sitt og sjálfstraust svo líðan og samskipti batni. Fjöldatakmörkanir eru á námskeiðið og eru örfá pláss enn laus. Þessi námskeið verða svo aftur í boði á vorönn. Hægt er að kynna sér þjónustu námsráðgjafa og sálfræðings á vefslóðinni:

<http://www.ma.is/is/thjonusta/nemendavernd/namsradgjof> eða með því að hafa samband við námsráðgjafa.



Mynd 6 Á Sildarminjasafninu



Mynd 5. Fræðst um sögu sildveiða

Miðannarmat

Um miðja haustönn er skráð í Innu svokallað miðannarmat. Helsta markmið þess er ekki að gefa endanlega einkunn, heldur að gefa nemendum vísbendingu um stöðu sína í náminu. Því er ætlað að vera hvatning til þeirra sem standa sig vel en aðvörun til þeirra sem þurfa að bæta sig. Reynslan er sú að töluverður hluti þeirra sem fá O taka sig á og ná að ljúka áfanganum, en skilaboðin eru engu að síður nokkuð alvarleg. Náms- og starfsráðgjafar eru fúsir til að ræða við nemendur og foreldra þeirra um leiðir til að bæta námsárangur.

Samkvæmt úttekt sjálfsmatsnefndar á samanburði miðannarmats og haustannarprófa virðist miðannarmatið gefa nokkuð góða vísbendingu um það hversu líklegt er að nemandinn ljúki áfanganum í fyrstu tilraun. Dreifing einkunnna var hins vegar töluvert mikil, og ólík eftir miðannarmatseinkunn. Hægt er að skoða úttektina í skýrslu sjálfsmatsnefndar á vef skólans.

Próftaflan er á ma.is og á INNU (undir Stundatöflu). Í próftíð eru hús skólans opin til klukkan 22 alla daga og því geta nemendur nýtt skólastofurnar til lærdóms.



Mynd 7 Nemendur taka af og til próf og stundum eru lagðar fyrir þá viðamiklar kannanir

Spurt og svarað

Hver er lágmarksmæting?

Skyldumæting er í skólann og afar mikilvægt að ólöggráða nemendur mæti vel, það stuðlar að betri vinnuanda í bekk og góðri ástundun og ýtir undir skuldbindingu í námi. Lágmarksmæting er **90%**.

Hvernig á að tilkynna veikindi nemanda?

Þau þarf að **skrá á Innu** að morgni dags. Ef það er ekki mögulegt, er hægt að senda póst á **ma@ma.is** eða hringja í síma 455-1555.

Veikindi í lokaprófum?

Skólinn krefst læknisvottorða vegna veikinda í lokaprófum. Jafnframt þarf að tilkynna veikindin að morgni prófdags. Ef það er gert og vottorði skilað er nemandi sjálfkrafa skráður í sjúkrapróf (athuga að hér er eingöngu verið að tala um lokaprófin í janúar og maí).

Ef nemandi kemst ekki í próf/verkefni á önninni vegna veikinda?

Auk þess að tilkynna veikindin á hefðbundin hátt þarf að láta viðkomandi kennara vita og ræða síðan við hann strax og nemandinn kemur aftur í skólann eftir veikindi. Ekki eru sjúkrapróf vegna allra símatprófa.

Hverjir veita leyfi?

Hægt er að biðja um styttri leyfi hjá afgreiðslu skólans en lengri leyfi þarf að sækja um hjá skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Fjarvistir vegna leyfa lækka mætingaprósentuna en ef nemandi mætir að öðru leyti vel og sinnir náminu af kappi er slíkt látið óátalið. Nemandi ber þó alltaf ábyrgð á því að ræða við kennara

fyrirfram ef til dæmis próf, hópvinna eða önnur verkefnaskil lenda á leyfisdögum.

Hvar er hægt að nálgast upplýsingar um skólann?

Helsta upplýsingaveitan er heimasíða skólans, **ma.is**. Þar má finna allar reglur, námsferla og skipulag og áfangalýsingar. Einnig má benda á bækling sem öllum foreldrum nýnema var sendur í tölvupósti í haust. Að auki má að sjálfsgöðu alltaf hafa beint samband við skólann, svo sem á netfangið **ma@ma.is** eða beint á stjórnendur, námsráðgjafa eða umsjónarkennara. Fréttir og myndir má auk þess finna á Facebooksíðu skólans **<https://www.facebook.com/menntaskoli/>**

Hvað sé ég á Innu?

Á **inna.is** má fylgjast með mætingum nemenda, sjá miðannarmat sem birt er fyrstu helgina í nóvember, sjá lokaekunnir í áföngum að loknum próftíðum í janúar og maí/júní.

Hvaða upplýsingar eru á moodle?

Aðeins nemendur fá aðgangsorð að moodle þannig að ef að foreldrar/ forráðamenn vilja fylgjast með þar þurfa þeir að fá lykilorðið hjá barni sínu. Mismunandi er hversu mikið kerfið er notað í áföngum en til dæmis gegnir það afar miklu hlutverki í menningarlæsi og náttúrulæsi í 1. bekk og eru allar verkefnalýsingar þar inni.

Hvenær er jólafríð?

Síðasti kennsludagur er þriðjudaginn 20. desember og kennsla hefst að nýju miðvikudaginn 4. janúar.

Hvenær eru lokaprófin?

Prófdagarnir eru frá 12. janúar til 23. janúar en bekkirnir ljúka prófum á mismunandi tíma. Nemendur í 1. bekk ljúka sínum prófum 19. janúar og í 2. bekk þann 20. Í vikunni þar á eftir eru sjúkrapróf (mánudaginn 23. janúar) og einstaka endurtökupróf. Kennsla á vorönn hefst svo 30. janúar.

Ný námskrá

Í haust hófst kennsla samkvæmt nýrri námskrá í 1. bekk og er því kennt samkvæmt tveimur ólíkum námskrám í skólanum. Töluverðar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi námsins þar sem hæst ber styttingu námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú. Í námskrá skólans frá 2010 er fjöldi eininga að baki stúdentsprófinu 240 þar sem nemendur taka að meðaltali 30 einingar á önn. Í nýju námskránni er einingafjöldinn 210 og nemendur taka þar af leiðandi að meðaltali 35 einingar á önn ætli þeir að ljúka námi á þremur árum. Því er álag á nemendur ívið meira og skóladagurinn lengri en áður. Við höfum lagt áherslu á að námstími í nýju námskránni sé sveigjanlegur og að nemendur geti valið að ljúka námi ýmist á þremur, þremur og hálfu eða fjórum árum. Aðstæður



Mynd 8. Fjölbreytt verkefni að lokinni Mývatnssveitarferð

nemenda eru margvíslegar og því mikilvægt að hægt sé að laga námstímann að ólíkum þörfum. Það er hvers og eins að meta, í samráði við brautarstjóra og/eða náms- og starfsráðgjafa skólans, hvaða leið er vænlegast að fara að settu marki. Foreldrar/forráðamenn nemenda eru beðnir um að snúa sér til brautarstjóra með spurningar og vangaveltur um námstíma.

Í nýju námskránni eru námssvið skólans brotin upp í fimm námsbrautir og nemendur fara nú fyrr en áður að takast á við sérgreinar brauta, eða strax á vorönn í fyrsta bekk.

Önnur nýlunda er breyting á lengd kennslustunda. Mjög lengi hafa kennslustundir í skólanum verið 40 mínútur en í vor var ákveðið að lengja þær í 50 mínútur. Ástæður þessarar breytingar eru þær helstar að 50 mínútna kennslustundir endurspeglar betur en 40 mínútna kennslustundir fjölda eininga sem liggja að baki kennslustundinni. Fimm eininga áfangi er fimm kennslustundir á viku, fjögurra eininga áfangi fjórar kennslustundir o.s.frv. Einnig þóttu fjórtíu mínútna kennslustundir ekki nýtast nægilega vel til samfelldrar vinnu nemenda og því var ákveðið að stíga þetta skref.

Önnur nýlunda er breyting á lengd kennslustunda. Mjög lengi hafa kennslustundir í skólanum verið 40 mínútur en í vor var ákveðið að lengja þær í 50 mínútur. Ástæður þessarar breytingar eru þær helstar að 50 mínútna kennslustundir endurspeglar betur en 40 mínútna kennslustundir fjölda eininga sem liggja að baki kennslustundinni. Fimm eininga áfangi er fimm kennslustundir á viku, fjögurra eininga áfangi fjórar kennslustundir o.s.frv. Einnig þóttu fjórtíu mínútna kennslustundir ekki nýtast nægilega vel til samfelldrar vinnu nemenda og því var ákveðið að stíga þetta skref.



Mynd 9 Verkefni nemenda eru oft ákaflega metnaðarfull

Frelsi nemenda til að velja sér sérgreinar námsbrauta er nú meira en áður og strax á vorönn í 1. bekk eiga nemendur að leggja drög að námsferli sínum með vali á áföngum. Valið verður

vel kynnt fyrir nemendum og að auki verður boðað til kynningarfundar fyrir foreldra/forráðamenn nemenda í 1. bekk fljótlega eftir að vorönn hefst.

Með auknu álagi á önn og lengri skóla-degi er enn mikilvægara en áður að nemendur nýti tímann í skólanum vel til vinnu svo að heimanám verði ekki óyfistíganlegt. Vissulega þurfa nemendur að læra eitthvað heima flesta daga en ef námið er stundað af kappi í kennslustundum eru færri verkefni sem bíða eftir að skóladegi lýkur.



Mynd 10. Frá nýnemadegi

Nýju skólastigi fylgja nýjar áskoranir. Á fyrsta ári takast nemendur á við nýjar greinar, menningarläsi og náttúrulæsi, frönsku eða þýsku auk þess sem námsgreinar sem þeir þekkja úr grunnskóla, eins og enska og stærðfræði er á þyngra stigi en áður. Á vorönn verður aðgreining námsbrauta enn meiri; nemendur á félagsgreinabraut fara í

sögu- og eðlisvísindaáfangi, nemendur á mála- og menningarbraut fara í nýjan nýjan áfangi sem heitir lönd og menning, auk söguáfangi, og nemendur á náttúrufræði- og raungreinabrautum taka áfangi í jarðfræði og efnafræði.

Námsmatsdagar

Um langt skeið hafa þrjár vikur hvorrar annar farið í námsmat og uppgjör, loka-prófum hefur verið dreift á hálfan mánuð og ein vika nýst fyrir sjúkrapróf, endurtöku-próf, starfsmannafund og undirbúning nýrrar annar. Símat hefur aukist mjög undanfarin ár, próflausum áföngum fjölgað mjög mikið og vægi lokaprófsins hefur farið lækkandi. Fáir áfangar eru með vægi lokaprófs yfir 70%. Álag á nemendur og kennara er því mikið alla önnina við verkefnavinnu og yfirferð. Þetta skólaár er gerð tilraun til að færa nokkra prófa/námsmatsdaga yfir á kennslutímabilið svo þeir nýtist til símats. Þrír slíkir dagar eru á haustönn og styttest prófatíðin í janúar sem því nemur og einn á vorönn. Fyrirkomulagið verður svo metið í vor í ljósi reynslunnar.



Mynd 11. Frá nýnemadegi.

Stærðfræðin

Stærðfræði er ein af kjarnagreinum allra námsbrauta og viðamikil á raungreina- og náttúrufræðibrautum. Stærðfræðikennsla í MA hefur fyrst og fremst tvö megin markmið, annars vegar að undirbúa nemendur fyrir frekara nám og hins vegar að veita þeim almenna menntun. Þar sem nemendur á félagsgreinabraut (FB) og mála- og menningarbraut (MMB) stefna yfirleitt á nám sem reynir minna á stærðfræðikunnáttu, er áherslan meiri á almennu menntunina en á raungreinabraut (RB) og náttúrufræðibraut (NB). Nemendur RB og NB

hafa hins vegar valið sér leið sem felur í sér nám í raungreinum og stærðfræði á meðan þeir eru í MA og og býr þá undir háskólanám í raungreinum, heilbrigðisgreinum eða öðrum slíkum.

Áherslumunurinn milli brauta í 1. bekk liggur fyrst og fremst í því að á RB og NB er ekki aðeins lögð áhersla á dæmareikning, heldur líka að nemendur kynnist fræðilega hluta stærðfræðinnar, svo sem sönnunum reglna og skilgreiningum hugtaka. Þess vegna er fyrsti áfangi á RB og NB á 2. þrepi, sem þýðir að nemendur eiga að kunna þökkalega vel efni grunnskólans svo að hægt sé að byggja ofan á það. Á FB og MMB er fyrsti áfangi á 1. þrepi, sem þýðir að efni hans skarast verulega við efni grunnskólans.

Félagslíf nemenda

Helsti samkomustaður nemenda innan skólans er Kvosin, þar hittast þeir í frímínútum og þar eru kvöldvökur og aðrir viðburðir innan skólans haldnir. Tvisvar hefur verið haldinn söngsalur og sungið af kröftum í eina kennslustund. Kennsla hefur auk þess tvívegis verið felld niður og haldinn salur fyrir allan skólann í tilefni að Evrópska tungumáladeginum og Degi íslenskrar tungu. Ýmsir gestir hafa heimsótt skólann og rætt við nemendur, svo sem fulltrúar frá UN Women og sérfræðingar um bandarísku forseta- kosningarnar.



Mynd 12 Stjórn Hugins, skólafélags MA

Stjórn skólafélagsins Hugins hefur yfirumsjón með félagslífinu en fjölmörg undirfélög þess, misfjöldmenn, sjá einnig um að halda uppi öflugum félagslífi. Til að létta lund nemenda heldur stjórnin annað slagið svokallaða gleðidaga en þá er tekið á móti nemendum þegar þeir koma í skólann um morguninn með hressingu og gleði.

Árshátíð

Stærsti viðburður félagslífsins er árshátíð skólafélagsins, ævinlega haldin sem næst fullveldisdeginum 1. desember. Undirbúningur er allur í höndum nemenda og kappkosta þeir við að gera hátíðina eftirminnilega hverju sinni, meðal annars með því að skreyta höllina eftir ákveðnu þema. Nánast hver einasti nemandi leggur hönd á plóg við undirbúning eða frágang. Ein af hefðunum í tengslum við árshátíðina er að dansa gömlu dansana og eru æfingatímar í íþróttum vikuna á undan. Yfirleitt er mikil stemning á efri hæðinni í höllinni og fjölmenni að dansa gömlu dansana.



Mynd 13 Á Árshátíðinni - hluti fjórða bekkjar

Árshátíðin var í þetta sinn haldin í Íþróttahöllinni föstudaginn 25. nóvember. Höllin var skreytt í anda Hollywood og kvikmyndapema var áberandi, meðal annars svolítið bíó á efri hæð. Nemendur skörtuðu sínu finasta þússi, fjórðubekkingar í þjóðlegum búningum en nemendur neðri bekkja glæsibúnir, jakkaföt og bindi, litríkir kjólar og háir hælur. Gleðin skein af öllum andlitum á þúsund manna ungmennahátíð með viðamikilli dagskrá og dansi.

Félög

Fjölmörg félög eru starfandi innan skólans, bæði fjölmenn og fámenn og er um að gera að hvetja börn ykkar til að taka þátt í félagslífinu. Allir viðburðir sem haldnir eru í skólanum og eru á vegum skólafélagsins eru áfengis- og vímuefnalausir og hafa nemendur lagt metnað sinn í að halda því þannig. Þátttaka í félagslífi skólans getur leitt til betri líðanar nemenda í skólanum og haft jákvæð áhrif á félagslegan þroska.



Mynd 14 Söngsalur

Tvær fjölmennar kvöldvökur hafa þegar verið haldnar, farin hefur verið menningarferð til Reykjavíkur auk smærri viðburða. Lið Gettu betur hefur hafið æfingar og fyrsta keppni í Morfís fór fram 18. nóvember.

Skólafélagið og Málfundafélagið stóðu fyrir málfundi með frambjóðendum fyrir alþingiskosningarnar. Fundurinn var vel sóttur og vel undirbúinn af hálfu nemenda.

Þótt félagslífið innan skólans og í ferðum á vegum skólafélagsins sé áfengislaust með öllu er hið óopinbera félagslíf það ekki. Töluverð umræða var um partí sem 4. bekkingar héldu snemma í haust og buðu 1. bekkingum í þar sem áfengi var haft um hönd. Það eru vonbrigði



Mynd 15 Nemendur lásu úr Sölvasögu unglings ásamt verðlaunahöfundinum Arnari Má Arngrímssyni í Kvosinni á degi íslenskrar tungu

að eldri nemendur bjóði nýnemum í slík partí. Stjórn foreldrafélagsins hefur haft forgöngu um það undanfarin ár að taka þetta til umfjöllunar og meðal annars gert samning við stjórn skólafélagsins. Bent hefur verið á að sú hefð að hver bekkur í 4. bekk eignist sér bekk á fyrsta ári geti stuðlað að þessu. Stefnt er að því að taka móttöku nýnema til endurskoðunar og hefur skólameistari skipað nefnd sem mun móta stefnu og skipulag nýnemamóttökunnar. Hana skipa fulltrúar stjórnenda, kennara, náms- og starfsráðgjafa og nemenda úr öllum bekkjum. Að auki mun hún leita til ýmissa hagsmunaaðila og þá ekki síst foreldra.

Keppt í námsgreinum

Á hverju ári eru haldnar keppnir fyrir nemendur í framhaldsskólum í ýmsum námsgreinum, eðlis- og efnafræði, stærðfræði, ensku, frönsku og þýsku svo dæmi séu tekin. Þegar hefur verið haldin forkeppni í stærðfræði og komust átta MA-ingar áfram í aðalkeppnina.

Á landsvísu tóku 245 nemendur þátt á neðra stigi en 132 á efra stigi, frá alls 24 skólum. Á neðra stigi varð Magni Steinn Þorbjörnsson 2. T í 6. sæti, Friðrik Valur Elíasson 2. T í 7. sæti, Sævar Gylfason 2. V í 8.-9. sæti og Hrafnkell Hreinsson 2. T í 17. sæti.

Á efra stigi varð Atli Fannar Franklín 4. X í 2.-3. sæti, Erla Sigríður Sigurðardóttir 4. X í 10. sæti, Brynjar Ingimarsson 4. X í 14.-17. sæti og Sindri Unnsteinsson 3. X í 18. sæti.

Atli Fannar hefur átt sæti í ólympíuliði Íslands í stærðfræði og tók einnig þátt í Eystrasaltskeppninni í Oulu í Finnlandi 3.-7. nóvember.



Mynd 16. Í Lystigarðinum á þokkalegum haustdegi



Mynd 17. Á Nonnaslóð á leið niður í Búðargil